

Nd.

53. Frumvarp

til laga um sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjerað.

Ástæður.

Ekkert hjerað á Íslandi mun vera jafnilla í sveit komið með að ná í læknishjálp eins og Hólshreppur. Valda dýrar og örðugar samgöngur þar mestu um. Samgönguleiðirnar milli Ísafjarðar og Bolungavíkur má telja tvær. Önnur er sjóleiðin meðfram Óshlíð. Er hún oftast greiðfær vjelbátum um sumarmánuði ársins og oft að vetrinum, en stundum að vetrinum er hún með öllu ófær, en á öllum tímum ársins er hún mjög dýr. Skal í því sambandi bent á, að á öllum reikningum yfir læknisferðir, sem sendir voru með umsóknum um læknisstyrkinn síðast, hafði hver ferð kostað frá 45 til 60 krónur, eða báðar ferðirnar í hvert skifti 90—120 krónur. Er hjer einungis talin bátsleiga og mannakaup, en gjaldi til læknisins og meðalakostnaði slept. Þarf ekki að benda á, hversu tilfinnanlegt slíkt mundi fátækum mönnum, þó ekki væri nema um eina til tvær ferðir að ræða á ári hverju.

Hin samgönguleiðin er vegurinn eftir Óshlíð. Er hann oftast greiðfær að sumrinu, þeim sem vanir eru fjallgöngum, en í illviðrum að vetrinum er hann oft með öllu ófær. Sem samgönguleið fyrir læknirinn kemur hann tæplega til greina, að minsta kosti eru mörg ár síðan hann hefir verið notaður til þess.

Að þessu athuguðu verður það ljóst, í fyrsta lagi: Að á öllum tímum ársins er mjög dýrt (sennilega lang-dýrast á landinu) fyrir þá, sem í Hólshreppi búa, að leita sjer læknishjálpar, og í öðru lagi: Að oft að vetrinum er það með öllu ómögulegt. Það koma oft svo vondir kaflar að vetrinum, jafnvel viku til hálfan mánuð samfleytt, að engum manni nje skepnu, nema fuglinum fljúgandi, er

fært að komast milli Bolungavíkur og Ísafjarðar, þó líf liggi við. Þeir, sem veikjast í Bolungavík, meðan svo viðrar, mega því deyja drottni sínum, ef svo vill verkast, jafnt og þó enginn læknir væri til. Okkur, sem við slík kjör höfum átt að búa, virðist það undrum sæta, að nokkurt hjerað þessa lands með 900 íbúum, sem svo er í sveit komið, skuli þing eftir þing hafa borið fram jafnsjálfsagða og rjettháa ósk eins og sú ósk er, að Hólshreppur verði gerður að sjerstöku læknishjeraði; og einlægt fengið synjun.

Nú er þetta loksins orðið breytt, en á þann hátt, að Hólshreppur hefir sjálfur fengið sjer sjerstakan lækni, sem að öllu er launaður á hans kostnað. Verða honum þetta yfirstandandi ár greiddar 3600 krónur úr sveitarsjóði, og þó það sje mikil upphæð, þá er það samt skoðun flestra, að hjer sje um beinan gróða að ræða fyrir hreppsþjelagið, miðað við það sem áður var. Auk þess kemur hinn óbeini gróði, sem ekki er talinn í krónum og aurum, heldur í frelsuðum mannslífum, en sá gróði verður ekki metinn til fjár í þessu brjefi.

Af ástæðum þeim, sem að framan er lýst, skorar hreppsnefndin hjer með á Alþingi að verða nú við þeirri margítrekuðu ósk að gera Hólshrepp að sjerstöku læknishjeraði.

Virðingarfylst.

Bolungavík, 19. júní 1919.

F. h. hreppsnefndar Hólshrepps.

Jón J. Fannberg,
oddviti.

Til Alþingis, Reykjavík.

Frekari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í flutningi þess á þinginu.